

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 729/2018, um röraverkþalla.

1. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar bætist: sbr. þó 1. mgr. 12. gr. og b-lið 1. mgr. 17. gr.

2. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir II. kafla sem og 1. mgr. 12. gr. er heimilt að nota röraverkþalla sem teknir voru í notkun hér á landi fyrir 24. júlí 2018 fram til 1. janúar 2028. Að öðru leyti gildir reglugerðin um uppsetningu og notkun röraverkþalla hér á landi.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 34., 38., 40., og 47. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 12. nóvember 2020.*

**Ásmundur Einar Daðason.**

*Bjarnheiður Gautadóttir.*